

HEIMA

Móttaka barna í leit að vernd
frá sjónarhóli barna

unicef 
fyrir öll börn



Undanfarin ár hefur fjöldi barna sem sækir um alþjóðlega vernd á Íslandi aukist verulega. Frá árinu 2016 hefur Útlendingastofnun afgreitt umsóknir yfir 700 barna, þar af 69 barna sem komu ein til landsins. Aðstæður barnanna hér á landi hafa mætt gagnrýni frá frjálsum félagasamtökum og almenningi og árið 2018 gaf rannsóknarstofnun UNICEF út skýrslu um stöðu þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd á Norðurlöndum. Skýrslan leiddi í ljós alvarlegar brotalamir í móttöku barnanna í öllum ríkjunum. Á Íslandi kallaði UNICEF saman sérfræðinga á þessu sviði á fundi í Hörpu í mars 2018 þar sem niðurstöður skýrslunnar voru ræddar. Eitt af því sem gagnrýnt var í skýrslunni snéri að mati á því sem barni er fyrir bestu og var samhljómur á fundinum um að skýra þyrfti betur framkvæmd slíks mats í tilfelli barna sem sækja um vernd. UNICEF, í samstarfi við Útlendingastofnun, ákvað því að leita leiða til þess.

Niðurstaðan varð sú að í byrjun árs 2019 ákváðu UNICEF á Íslandi og Grallaragerðin að leiða saman hesta sína í verkefninu HEIMA þar sem móttaka barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi er skoðuð út frá sjónarhóli barnanna sjálfra. Markmið verkefnisins er að koma auga á helstu áskoranir við móttöku fylgdarlausra barna sem og barna í fylgd sem koma til Íslands. Markmiðið er að geta framfylgt skuldbindingum Íslands um móttöku barna og að það sem barni er fyrir bestu sé haft að leiðarljósi. Verkefnið byggir á aðferðafræði sambærilegs verkefnis Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og sænskra yfirvalda frá 2018.


1. Kortlaggning
Safna upplýsingum um upplifun barna af komu til Íslands frá ólíkum sjónarhornum.

2. Fókus
Reyna að skilgreina helstu áskoranir sem þarf að bregðast við út frá svörum barna og annara aðila.

3. Finna lausnir
Hanna og þróa lausnir sem eru raunsæjar og framkvæmanlegar.

4. Prófa
Prófa og aðlaga lausnir með börnum.

5. Framkvæmd
Gera áætlanir um innleiðingu lausna sem hafa mest áhrif.



Verkefnið var tvíþætt, annars vegar að safna viðhorfum barna og gefa þeim tækifæri til að lýsa upplifun sinni af móttökuferlinu, auk þess að kortleggja ferlið í heild sinni frá sjónarhóli barnsins. Hins vegar var reynt að koma auga á þann vanda sem flest börnin áttu sameiginlegt að hafa upplifað. Alls tók 31 barn þátt, auk foreldra og fólks sem starfar við málaflokkinn. Að auki bættust við fleiri sögur barna sem aðrir aðilar höfðu safnað. Í viðtölunum komu fram vísbendingar um þau atriði sem sérstaklega þyrfti að líta til við mat á því sem barni er fyrir bestu. Þegar búið var að skilgreina vandann var hann borinn undir aðra hluthafa sem tengjast móttöku barnanna og þeir beðnir um að finna lausnir. Sú vinna fór fram með tveimur vinnustofum, þar sem reynt var að fá fjölbreytt viðhorf og finna lausnir þvert á stofnanir, félagasamtök eða bakgrunn. Alls tóku 36 sérfræðingar þátt frá 15 mismunandi stofnunum og samtökum. Í lok seinni vinnustofunnar voru kynntar átta framkvæmanlegar lausnir, sem sérfræðingarnir þróuðu og hönnuðu. Eftir vinnustofunnar voru hugmyndir kynntar fyrir börnunum. Þar fengu þau tækifæri til að bregðast við lausnunum og koma með nytsamlegar ábendingar.

Í samtölum við börnin og aðra aðila kom fram að fyrstu sólarhringarnir á Íslandi eru börnunum erfiðir því þau upplifa kulda, svengd og þreytu. Þegar lengra líður á ferlið upplifa þau skort á upplýsingum um eigin stöðu, en líka um íslenskt samfélag. Börnin upplifa mikla bið, ýmist eftir því að foreldrar þeirra klári viðtöl eða vegna aðgerðarleysis í búsetuúrræði Útlendingastofnunar í Bæjarhrauni. Þegar hægt gengur að koma fjölskyldum í þjónustu sveitarfélaga verður einnig bið á því að börn fái að ganga í skóla eða sinna tómstundum. Þjónusta við börn er ólík eftir sveitarfélögum, sem birtist í ólíkum gæðum á húsnæði, mismunandi aðferðum við aðlögun í skóla, mismiklum aðgangi að tómstundum, heilbrigðisþjónustu og félagslegum stuðningi. Fylgdarlaus börn er sérstaklega


viðkvæmur hópur en hér landi eru meirihluti barnanna nálægt 18 ára aldri en þó allt niður í 14 ára. Í samtölum við börn sem komu hingað án fylgdar á ólíkum tímabilum frá árinu 2016 kom fram að stuðningur við þennan hóp hefur minnkað. Eftir að heimilt varð að vista börn 15 ára og eldri í búsetuúrræði Útlendingastofnunar í Bæjarhrauni er mun minni möguleiki á að veita umönnun, fræðslu, stuðning og tryggja nauðsynlega næringu, menntunarmöguleika, aðstoð við fjölskyldusameiningu og fleira. Þegar barn verður 18 ára er það svo flutt í bágborið búsetuúrræði með fullorðnum einstaklingum og missir alla möguleika á stuðningi.

Þingmannanefnd um málefni barna og félagsmálaráðuneytið standa nú fyrir einstöku samráði við mikinn fjölda sérfræðinga í málefnum barna. Unnið hefur verið í átta málefnaþópum og var afrakstur þeirrar vinnu kynntur á fundi 21. júní 2019. Þar var fjallað um markmið sem setja ætti til að tryggja velferð barna á Íslandi. Mörg þeirra eiga vel við um börn sem sækja um alþjóðlega vernd og þeirra sjónarhorn á móttökur stjórnvalda. Meðal annars var fjallað um heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað allra, en í niðurstöðum verkefnisins kemur skýrt fram skortur á aðgengi að heilsugæslu. Þá var einnig fjallað um menntun fyrir alla, hagsmunagæslu barns í barnavernd, samfellu í þjónustu við 18 – 25 ára og að jafna aðgang að frístund og tómstundum. Öll þessi atriði og fleiri koma fram hér á næstu blaðsíðum og því er mikilvægt að í aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum barna verði einnig litið til velferðar barna á flóttu.


Skýrslu þessari er skilað til félagsmálaráðuneytisins með þökkum fyrir góðan stuðning og opinn hug fyrir verkefninu. Framkvæmd og aðferðafræði verkefnisins er lýst ásamt því að leggja mat á það sem barni er fyrir bestu í samhengi við niðurstöður verkefnisins. Þá er helstu niðurstöðum samtala við börn, foreldra og hagaðila lýst ásamt þeim hugmyndum að lausnum sem sérfræðingarnir þróuðu í vinnustofunum.

Að verkefninu koma UNICEF á Íslandi í samstarfi við hönnuðinn Búa Bjarmar Aðalsteinsson fyrir hönd Grallaragerðarinnar. Þá var undirbúningur og framkvæmd verkefnisins með þátttöku og í góðu samstarfi við félagsmálaráðuneytið, dómismálaráðuneytið, Útlendingastofnun, Listaháskóla Íslands, Hönnunarmiðstöð Íslands og Umboðsmann barna. Þar að auki studdu dyggilega við verkefnið Rauði krossinn, þjónustuteymi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í Reykjavík, Hafnarfirði og Reykjanesbæ, kæruneftnd útlendingamála, Barnaverndarstofa, Barnahús, barnavernd Sandgerðis og Reykjavíkur, Réttur og Bíó Paradís ásamt ómetanlegri aðstoð starfsfólks móttökudeildarinnar við Hvaleyrarskóla, Ernu Huldar Ibrahimsdóttur, Kinans Kadoni, foreldra og síðast en ekki síst barnanna sjálfra.


Fjöldi barna sem sótti um alþjóðlega vernd 2016-18




Börn sem fengu vernd á Íslandi í afgreiddum málum árið 2019



Börn sem fengu ekki vernd á Íslandi í afgreiddum málum árið 2019



Afgreiddar umsóknir barna á árinu 2019 (jan-apr)



Öll tölfræðin er opinber og var sótt af heimasíðu Útlendingastofnunar

“Þegar við fengum aftur synjun leið mér eins og ég væri týnd. Ég var reið, hrædd og ringluð,,

“Biðin var erfið. Við vorum hræddar um hvað myndi gerast og skildum ekkert,,

Helstu niðurstöður

Niðurstöður verkefnisins byggja á sjónarmiðum barna og ungs fólks á aldrinum 7-21 árs, sem öll eiga það sameiginlegt að hafa sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi. Þau eru af ólíkum uppruna og búa við ólíkar aðstæður. Þau komu til landsins ýmist ein eða í fylgd með foreldrum og þegar við hittumst voru þau ýmist komin með vernd eða enn í umsóknarferli. Að auki byggja niðurstöðurnar á sjónarmiðum foreldra og voru bornar saman við sjónarmið þeirra hagaðila sem koma að móttöku barna. Hér gefur að líta helstu áskoranirnar frá sjónarhóli barna og það sem foreldrar og hagaðilar bentu á að gæti hjálpað börnum að líða betur:

Takmarkaðar upplýsingar gera móttökuferlið óskýrt og lítið gert til að útskýra það fyrir börnum

Við komuna til Íslands sögðust mörg börn vera hrædd við lögreglu og aðra fulltrúa yfirvalda vegna neikvæðrar fyrri reynslu. Mikilvægt er að byggja upp traust gagnvart yfirvöldum og veita skýrar upplýsingar sem nýtast börnum til að átta sig á stöðu sinni. Börnin upplifðu óvissu og óöryggi því þau vissu ekki hvað myndi gerast næst eða hvenær. Það er því mikilvægt að upplýsa börn um móttökuferlið og leitast við að gera tímalínu ferlisins ljósari frá upphafi. Mjög skortir á barnvænt efni og barnvæna aðstöðu þar sem upplýsingar eru veittar með skilvirkum hætti, en í ljós kom að staðir sem höfðu aðstöðu fyrir börn voru þeim í fersku minni ásamt því að upplifun þeirra varð jákvæðari. Börnin upplifðu mikla bið og þótti það erfitt. Því er mikilvægt að hafa aðgengi að viðeigandi leikföngum, afþreyingu eða tómstundum. Þá skorti mjög á undirbúning og aðstoð við börn sem fá synjun um vernd.

Aðstaða og aðbúnaður óviðunandi og takmarkandi í daglegu lífi

Flest börnin lýstu því að hafa verið svöng, þreytt og kalt fyrstu sólarhringana á Íslandi. Þegar búsetuúrræði voru afskekkt og skortur var á leikföngum og leiksvæðum lýstu börnin einmanaleika. Flest börnin lýstu því að fyrstu herbergin sem þau gistu í hefðu verið skítug og ófullbúin. Þau lýstu mikilli þreytu þegar þau þurftu að aðstoða við að þrifa herbergið við komuna, jafnvel um miðjar nætur. Þá skipti það börnin miklu máli að það væri svefnaðstaða fyrir alla í fjölskyldunni, en svo hafði ekki verið í öllum tilvikum. Oftast reyndist húsnæði á vegum sveitarfélaganna vera betra. Ef boðið væri upp á næringarríkan mat strax við komu, ásamt því að tryggja viðunandi aðstæður í húsnæði, mætti auka vellíðan barnanna fyrstu sólarhringana ásamt því að byggja upp nauðsynlegt traust.

Skortur á virkniúrræðum bæði fyrir og eftir að skólaganga hefst

Börn upplifa einmanaleika á Íslandi og lýsa skorti á leiðsögn og aðstoð frá fullorðnum. Þau lýstu miklum áhuga á námi og skóla en upplifðu ekki að fullorðnir tækju á móti þeim í skólanum. Þau upplifðu að ábyrgðin á aðlögun í skóla væri sett á herðar annarra barna af erlendum uppruna. Munur reyndist vera milli sveitarfélaga varðandi boð um tómstundir eða önnur virkniúrræði, þar sem börn búsett í Hafnarfirði fengu ekki boð um slíkt. Það er mikilvægt að börn í þessum aðstæðum hafi eitthvað fyrir stafni utan skóla. Oft á tíðum eru erfiðar aðstæður heima fyrir þar sem umsóknarferlið er mjög kvíðvænlegt og það léttir því á aðstæðum þegar börnin hafa hugann við aðra hluti. Flest börnin lýstu miklum áhuga á því að læra íslensku og töluðu um mikilvægi tungumálsins bæði félagslega og varðandi menntun.



Mynd 1. Biðaðstaða fyrir börn við viðtalsrými Útlendingastofnunar í Bæjarhrauni

“Ég var einmana fyrst og vildi fara aftur til baka,,

“Í skólanum hjálpaði enginn fullorðinn, bara vinkona sem talaði sama tungumál,,

Erfiðleikar með aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Foreldrar lýstu áhyggjum af aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Einungis var hægt að sækja heilbrigðisþjónustu í gegnum félagsráðgjafa en aðgengi að þeim er mismikið eftir sveitarfélögum. Þá virðist ekki skýrt hvert umsækjendur um alþjóðlega vernd í Reykjavík og Hafnarfirði eigi að sækja slíka þjónustu. Samningur Útlendingastofnunar við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins kveður á um aðgengi að almennum heilsugæslustöðvum, en í framkvæmd stendur fólki aðeins göngudeild sóttvarna í Mjódd til boða. Takmarkað aðgengi að heilsugæslu hafði þau áhrif að heilbrigðisvandi varð mun erfiðari og krafðist flóknari inngripa en ef brugðist hefði verið við strax. Að auki hefði það viðtæk jákvæð áhrif að dreifa þjónustunni á fleiri heilsugæslustöðvar því þá væri að öllum líkindum hægt að flýta sóttvarnarskoðunum, sem eru forsenda skólagöngu barna. Til viðbótar bentu börnin á að þegar foreldrar veikjast fá börn of lítinn stuðning.

Skortur á umönnun og stuðningi við fylgdarlaus börn

Fylgdarlaus börn koma til landsins án foreldra sinna og eru því í umsjá barnaverndaryfirvalda. Nokkur munur var á upplifun fylgdarlausra barna eftir því hvenær þau komu til landsins og hvort þau urðu 18 ára á meðan umsóknarferli stóð. Áður en lögum um útlendinga var breytt voru fylgdarlaus börn sett í umsjá barnaverndar og bjuggu í húsnæði á þeirra vegum eða hjá fósturfjölskyldu. Börn sem komu á því tímabili upplifðu mikinn stuðning frá félagsráðgjöfum sínum og fósturforeldrum. Gott samstarf félagsráðgjafa og barns eykur sjálfstraust og fjölgar tækifærum til náms, tómstunda, fósturs og annarra úrræða. Þeim þótti samt sem áður erfitt að koma til landsins og að fóta sig í nýju samfélagi og biðin og synjanir í umsóknarferlinu voru þeim á köflum ofviða. En með

“Hún fékk tannpínu og ég lét ÚTL vita, en ekkert var gert. Hún grét mikið af sársauka og ég endaði með að hringja í 112,,

Foreldri

“Við reyndum að panta tíma hjá lækni en fengum það ekki. Eftir þrjár vikur fórum við í sóttvarnarskoðun og þá var barnið skoðað í leiðinni,,

Foreldri

“Ég var mjög hræddur og titraði af hræðslu [...] Ég var líka meðvitaður um þetta væri síðasti sénsinn -the last stop for my life-,,

stuðningi komust þau í gegnum ferlið. Börn sem komu eftir gildistöku nýju laganna upplifðu annan veruleika.

Nýju lögin heimila að börn eldri en 15 ára séu vistuð í húsnæði Útlendingastofnunar við Bæjarhraun í Hafnarfirði. Það er samdóma álit bæði barna og sérfræðinga að aðstæður í Bæjarhrauni séu óviðunandi. Börnin upplifðu ótta, óöryggi og vonleysi því þau skorti alla umönnun. Þau lýstu þrá eftir mikilvægum fullorðnum aðila sem aðstoðar þau með daglegar athafnir og við umsóknarferlið í samvinnu við þau. Það eykur tilfinningu um sjálfstæði og sjálfsvirðingu þegar barnið fær tilfinningu um að vera virkur hluti af umsóknarferlinu, meðal annars í vinnu talsmanns. Börnin upplifðu mikinn skort á upplýsingum um umsóknarferlið og stöðuna hverju sinni, ásamt upplýsingum um samfélagið. Þau fengu vikulegan vasapening og var ætlast til að þau versluðu og elduðu sjálf mat. Þau lýstu söknuði ef góðum mat og áhyggjum af lélegri næringu. Heitur og góður matur er mikilvægur börnunum og dregur úr einmanaleika.

Þennan hóp skortir gjarnan menntun og tungumálakennslu sem veldur þeim áhyggjum af því að missa af tækifærum til náms og takmörkuðu sjálfstæði. Þá upplifðu þau mikinn skort á virkni og þeim hafði ekki boðist fóstur. Fósturfjölskyldur auka mjög á tækifæri barnanna til að skilja umsóknarferlið og íslenskt samfélag. Þær létta álagið af biðinni og aðstoða við að undirbúa framtíðina. Áhyggjur af fjölskyldu voru börnunum ofarlega í huga en sum lýstu skorti á aðstoð við fjölskyldusameiningu. Almennt höfðu þau sem enn voru í umsóknarferli miklar áhyggjur af framtíðinni og fengu ekki aðstoð við að undirbúa framtíðina. Neikvæðar og afar erfiðar breytingar verða við 18 ára aldur þegar börn eru flutt úr óviðunandi aðstæðum í Bæjarhrauni í verri aðstæður með fullorðnum.

“Ég hefði viljað búa hjá fósturfjölskyldu á þessum tíma, en mér var sagt að ég gæti ekki farið til fósturfjölskyldu eða í skóla fyrr en það væri komið svar í málinu mínu,”

“Mér líður eins og ég sé í miðjunni á milli barna-verndar og ÚTL, sem benda alltaf hvort á annað „

“Ég sé ekki mun á [heimaríkinu] og Íslandi, nema að ég er bý við öryggi hér. Það er enginn sem hjálpar mér. Ég er einn,”

Foreldrar hafa áhyggjur af líðan og framtíð barna sinna

Foreldrar lýstu miklum áhyggjum af líðan barna sinna. Þau töldu sig flest vera í erfiðleikum með að vernda börnin fyrir aðstæðum, sérstaklega þegar fjölskyldan bjó í sama húsnæði og aðrir umsækjendur. Foreldrar voru aðgerðalausir, upplifðu mikla vanlíðan þess vegna og skorti upplýsingar um réttindi sín og skyldur. Sum höfðu upplifað vöntun á samráði við þau vegna barnanna og flest fólkið upplifði ótta, vonleysi og hjálparleysi gagnvart umsóknarferlinu. Gott aðgengi að þjónustu og upplýsingum hjálpar foreldrum að sinna sínu hlutverki vel. Meiri virkni foreldra hjálpar þeim við takast á við bið og óvissu.


“Staða umsækjenda um vernd er eins og að vera staddur í boxhring. Þetta er ekki staður fyrir börn,,

Foreldri

Aðferðin

HEIMA fylgir hugmyndafræði um mannmiðaða hönnun, þar sem áhersla er lögð á að notendur þjónustu taki þátt í að bæta hana. Þannig er tryggt að umbætur nýtist sem best. Í ljósi þess að verkefnið snýr að börnum sem staldra gjarnan stutt við á landinu er mikilvægt að finna leiðir til þess að bregðast hratt við vanda innan móttökunnar. Fáar íslenskar rannsóknir eru til á þessu sviði og eðli rannsókna er þannig að niðurstöður liggja fyrir löngu eftir að barn þarf á aðstoð að halda. Mannmiðuð hönnun er því aðferð sem nýtist vel til þess að bregðast við stöðunni hratt og með samstarf og sameiginlega sýn að leiðarljósi. Til þess að fá sem heildstæðasta mynd er jafnframt mikilvægt að tala við þá sem standa barni næst (umönnunaraðila) og þá einstaklinga sem hafa farið í gegnum þetta ferli og eru nú fullorðnir. Áhersla er lögð á upplifun af móttökunni og að bregðast við þeim vanda sem flest börn benda á.

Eftir að viðhorfum hefur verið safnað er reynt að koma auga á þann vanda sem flestir eiga sammerkt að hafa upplifað. Þar eru jafnframt komnar vísbendingar um þau atriði sem sérstaklega þarf að líta til við mat á því sem barni er fyrir bestu. Þegar búið er að skilgreina vandann er hann borinn undir aðra hluthafa sem tengjast móttöku barna og þeir beðnir um að finna lausnir. Með þessu er reynt að horfa framhjá kerfislægum eiginleikum móttökunnar og einblína á þau málefni sem börnin sjálf telja brýnast að bregðast við. Þannig er komið í veg fyrir að fulltrúar stofnana skilgreini vandann, sem gæti skilað sér í viðhorfum sem speglast í vandamálum stofnunarinnar sjálfrar en ekki vandamálum sem börnin sjálf leggja áherslu á. Lausnirnar eru að lokum bornar undir börnin og þau fengin til að leggja mat á þær.




Þar með er fyrsta hluta verkefnisins lokið þar sem búið er að skilgreina helstu vandamál sem börn upplifa við komu til Íslands og búið að leggja til lausnir til að bregðast við þeim vanda. Afrakstur þeirrar vinnu er að finna í þessari skýrslu.

Næsta skref væri að prófa lausnirnar á litlum skala, sjá hvort þær reynist vel eða illa og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að bæta þær. Þannig eru prófanir hluti af því að sannreyna bæði vandann og lausnirnar og taka upplýstar ákvarðanir um breytingar á kerfinu sem bæta stöðu sem flestra innan þess. Ef prófanir sýna fram á jákvæðar afleiðingar er hægt að leggja til áætlun um breytingar. Þær breytingar gætu þá verið tengdar uppstokkun í kerfinu, aukinni áherslu á einstaka þætti móttökuferlisins eða breytingar á framkvæmdaferli, allt eftir því hvernig börnin lýsa vandanum og hluthafar finna lausnir.

Framkvæmd

Í upphafi árs 2019 hittu fulltrúar UNICEF og Grallaragerðarinnar 31 barn og ungmenni og ræddu við þau um reynslu þeirra af því að sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Börnin voru á aldrinum 7 – 18 ára en að auki voru nokkur ungmenni eldri en 18 ára sem höfðu komið til landsins sem börn. Börnin voru öll búsett í Reykjavík og Hafnarfirði en ekki gafst tími til að ræða við börn sem búsett eru í Reykjanesbæ. Við bættust niðurstöður úr fókushópi fylgdarlausra barna sem Rauði Krossinn hélt á sama tímabili auk viðtala við 6 fylgdarlaus börn fyrir MA-rannsókn Evu Bjargar Bragadóttur við Háskóla Íslands. Það reyndist vel að fá að bera saman niðurstöður frá öðrum aðilum sem gaf tækifæri til þess að sannreyna aðferðina. Niðurstöður viðtalana voru nokkuð keimlíkar og því hægt að draga þá ályktun að aðferðafræði verkefnisins sé réttmæt. Auk þess voru tekin viðtöl við hagaðila sem lýstu ferlinu og sinni aðkomu að móttökuferlinu. Það gaf einnig mikilvægar upplýsingar sem hægt var að bera saman við upplifun barnanna.

Samhliða þeirri vinnu var unnið að kortlagningu komu barna til landsins, allt frá flugstöðinni eða öðrum komustað, til dvalarleyfis eða brottvísunar. Mest áhersla var lögð á fyrstu stig ferlisins þar sem bent hefur verið á mikilvægi þess hluta og hvernig upphafið getur haft áhrif á allt sem á eftir kemur. Með kortlagningu má öðlast betri skilning á öllum þeim aðilum sem koma að móttöku svo tryggt sé að þeir séu allir þátttakendur í hugmyndavinnu verkefnisins og meðvitaðir um þá vinnu sem fer fram. Þessar upplýsingar voru settar upp á myndrænan hátt og geta nýst við miðlun upplýsinga milli stofnana og fyrir börn sem stödd eru í móttökuferli.



Yfirlit yfir komu barna til Íslands frá sjónarhóli barnanna. Byggt á viðtölum við börn í leit að alþjóðlegri vernd.

Þegar niðurstöður samtalanna við börnin lágu fyrir voru stofnanir, félagasamtök og aðrir sem tengjast móttöku barna beðin um að leysa þær áskoranir sem börnin höfðu lýst. Unnið var að lausnunum í tveimur vinnustofum sem haldnar voru 26. mars og 10. apríl 2019 í húsnæði Listaháskóla Íslands. Alls tóku þátt 36 sérfræðingar frá 16 stofnunum eða samtökum. Helstu áherslur vinnustofanna voru að kynna sjónarmið barna sem koma til Íslands, skapa samkennd, opna tækifæri til samtals og að síðustu þróa lausnir til að bregðast við aðstæðunum eins og þeim er lýst.

Í fyrstu fengu þátttakendur vinnustofanna tækifæri til þess að lýsa sinni upplifun á þeim vanda sem börnin bentu á til að skilja hvort vandinn sé keimlíkur upplifun þeirra eða hvort þátttakendur höfðu aðra reynslu. Því næst voru þátttakendur beðnir um að finna lausnir á þeim vanda sem lýst var. Vinnan fór fram í blönduðum hópum þar sem reynt var að fá fjölbreytt viðhorf og finna lausnir þvert á stofnanir eða bakgrunn. Að lokum kynnti hver hópur framkvæmanlegar lausnir. Eftir vinnustofurnar voru hugmyndir teknar saman og þær kynntar fyrir börnunum. Hist var í anddyri Bíó Paradísar þar sem módel og lýsingar á lausnunum voru til sýnis. Í hópum var lausnunum lýst á móðurmáli barnanna og þau fengin til að benda á það sem betur mætti fara auk þess að velja þá lausn sem þeim þótti best.

16 hagaðilar tóku þátt í vinnustofum:

Akurskóli
Barnaverndarstofa
Barnahús
Dómsmálaráðuneyti
Félagsmálaráðuneyti
Hvaleyarskóli
Kærunefnd útlendingamála
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Rauði krossinn
Réttur lögfræðistofa
Stoðdeild hælisleitenda og flóttafólks í Hafnarfirði
Túlkur
Umboðsmaður barna
Útlendingastofnun
Þjónustuteymi í Reykjavík
Þjónustuteymi í Reykjanesbæ

Það sem barni er fyrir bestu

Verkefnið HEIMA byggir í grunninn á þriðju grein Barnasáttmálans, sem krefur stjórnvöld um að leggja mat á það sem barni er fyrir bestu í ákvörðunum sínum. Þetta er ein af grundvallargreinum sáttmálans, ásamt rétti barns til lífs og þroska, tjáningar og jafnræðis. Þriðja greinin kveður á um að „það sem barni [sé] fyrir bestu [skuli] ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn“. Það sem barni er fyrir bestu er þannig einn af grunnþáttum móttöku barna sem sækja um alþjóðlega vernd og er í senn réttur, meginregla og málsmeðferðarregla. Í fyrsta lagi er það réttur barns að stjórnvöld meti það sem því er fyrir bestu þegar ákvarðanir eru teknar, en jafnframt er hugtakið meginregla og ætti túlkun reglunnar ávallt að vera barninu í hag. Í þriðja lagi er það sem barninu er fyrir bestu málsmeðferðarregla og ætti ákvörðunartökuferli því ávallt að innihalda mat á bæði neikvæðum og jákvæðum áhrifum ákvörðunar á barnið. Einnig þarf að sýna fram á að mat hafi verið framkvæmt, hvernig það fór fram og að hugað hafi verið að hagsmunum barnsins.¹

¹ UNHCR/UNICEF, 2014. Safe & Sound: What States can do to ensure respect for the best interest of unaccompanied and separated children in Europe.

Í lögum um útlendinga segir að við mat á grundvelli alþjóðlegrar verndar skuli það sem barninu er fyrir bestu haft að leiðarljósi. Þá skuli Útlendingastofnun eiga samráð við barnaverndaryfirvöld við framkvæmd mats á því sem barni er fyrir bestu:

37.gr um grundvöll alþjóðlegrar verndar


Við mat skv. 1. og 2. mgr. í málum sem varða börn, fylgdarlaus sem önnur, skal það sem er barninu fyrir bestu haft að leiðarljósi. Við mat á því hvað barni er fyrir bestu skal Útlendingastofnun líta til möguleika barns á fjölskyldusameiningu, öryggis þess, velferðar og félagslegs þroska auk þess sem taka skal tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. Við ákvörðun í máli er varðar hagsmuni barns skal Útlendingastofnun taka skriflega afstöðu til framangreindra atriða samkvæmt grein þessari. Við framkvæmd þessarar greinar skal stofnunin eiga samráð við barnaverndaryfirvöld. Þegar um er að ræða fylgdarlaus börn er skylt að leita umsagnar Barnaverndarstofu áður en ákvörðun er tekin.

Jafnframt fjalla lögin um það sem barni er fyrir bestu í ákvæði um vernd gegn frávísun og brottvísun, sem kveður á um að hafa skuli það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi við ákvörðun um frávísun eða brottvísun. Áður en fylgdarlaust barn yfirgefur landið skal Útlendingastofnun ganga úr skugga um að barninu sé tryggð aðstoð barnaverndarnefndar svo að það sem barninu er fyrir bestu sé haft að leiðarljósi. Þá skal Barnaverndarstofa ganga úr skugga um að í ríkinu sem barninu er vísað til séu ættingjar, forsjáraðilar eða fullnægjandi móttökuaðstaða fyrir börn.

Heildstætt mat frá komu og fram yfir ákvörðun

Mat á því sem barni eru fyrir bestu ætti að framkvæma á öllum stigum móttökuferlisins. Annars vegar til þess að meta hvaða þjónustu barn hefur þörf fyrir og hvernig grundvallarréttindi þess eru tryggð í viðkomandi ríki. Hins vegar þegar tekin er ákvörðun um synjun eða veitingu verndar. Það er mikilvægt að skilja hvernig þessir tveir þættir matsins vinna saman. Í raun má segja að annað geti ekki virkað án hins, þ.e. ekki er hægt að leggja mat á það hvort það sé barni fyrir bestu að dvelja í viðkomandi landi nema að undangengnu mati, af þar til bærum aðilum, á hagsmunum barnsins innan landsteinanna og utan. Þá er jafnframt ómögulegt að taka ákvarðanir varðandi barn, sem byggja á mati á því sem barni er fyrir bestu, án þess að slíkt mat sé hluti af ákvörðun um synjun eða veitingu verndar.²

Þannig ætti mat á því sem barni er fyrir bestu aldrei að byggja á einsleitri sýn á stöðu barnsins. Barnaverndar- og félagsmálayfirvöld leggja sitt mat á stöðu barnsins út frá þörfum barnsins og útlendingayfirvöld meta hana út frá umsóknarferli barnsins og móttöku. Fjölskylda og aðrir í nærsamfélaginu eru jafnframt þátttakendur í mati á hagsmunum barnsins. Þannig þarf matið að vera stöðugt og veita gagnkvæmar upplýsingar til að tryggja samfellu.



² European Asylum Support Office, 2019. EASO practical guide on the best interest of the child in asylum procedures. EASO Practical Guides Series, bls. 13.

Líkt og Umboðsmaður barna bendir í nýlegri umfjöllun sinni um mat á því sem barni er fyrir bestu skal líta til aðstæðna hvers barns, óháð öðrum fjölskyldumeðlimum, og meta vægi einstakra þátta við matið. Það má því segja að mat á því sem er barninu fyrir bestu sé formlegt ferli sem þarf að fylgja tilteknum málsmeðferðarreglum. Fyrsta skrefið er að meta hvaða sérstöku aðstæður geri mál barnsins einstakt og séu útgangspunktur matsins. Út frá því skal meta hvaða atriði hafa aukið vægi og hvaða atriði hafa minna vægi. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna mælir með að gerður sé ítarlegur listi þar sem atriðunum er raðað upp. Það er mikilvægt að huga að öllum atriðum á listanum og para þá við ákvörðunina og gefa þeim vægi eftir eðli málsins. Þannig ætti listinn að veita góða leiðsögn um hvað sé barninu fyrir bestu en jafnframt að veita ákveðinn sveigjanleika. Barnaréttarnefndin bendir á að megintilgangur listans sé að tryggja hagsmuni barns þannig að það fái notið þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn kveður á um og stuðla að alhliða þroska þess.³



³ Umboðsmaður barna, 2019. „Það sem barninu er fyrir bestu“. <https://www.barn.is/frettir/2019/01/thad-sem-er-barninu-fyrir-bestu/>

Barnaréttarnefndin tiltekur atriði sem nefndin telur mikilvægt að líta til en ekki er um tæmandi lista að ræða og önnur atriði geta einnig komið til skoðunar eftir eðli máls hverju sinni⁴. Atriðin eru eftirfarandi:

1. Skoðanir barns.
2. Auðkenni barns, s.s. kyn, kynhneigð, trú, menning og persónuleiki.
3. Fjölskylda barns og nánasta umhverfi s.s. vinir, skóli og aðrir.
4. Ummönnun, vernd og öryggi barns.
5. Viðkvæm staða barns.
6. Réttur barns til heilbrigðisþjónustu.
7. Réttur barns til menntunar.

Taka þarf sérstakt tillit til aðstæðna barns, en það felur m.a. í sér að líta til persónulegra einkenna svo sem aldurs, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, þroska, reynslu, hvort viðkomandi barn tilheyri minnihlutahópi eða hvort barnið sé með líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu. Einnig þarf að horfa til félagslegra og menningarlegra tengsla barnsins eins og stöðu innan fjölskyldu, tengsl við foreldra eða aðra sem eru með barnið í sinni umsjón, umhverfi barnsins með tilliti til öryggis þess.⁵ Þá er lykilatriði að horfa til skoðana barnsins sjálfs óháð aldri og tryggja að tillit sé tekið til þeirra í samræmi við aldur barnsins og þroska. Þar að auki leggur Barnaréttarnefndin áherslu á að mat sé lagt á aðstæður í heimaríki barns, áhættu og þörf á vernd, hversu mikil aðlögun hefur átt sér

⁴ Nefnd um réttindi barnsins: Almennt álit nr. 14, 2013. „On the right of the child to have his or her best interests taken as a primary consideration (art. 3, para. 1)“.

⁵ Umboðsmaður barna, 2019. „Það sem barninu er fyrir bestu“. <https://www.barn.is/frettir/2019/01/thad-sem-er-barninu-fyrir-bestu/>

stað í gistiríki, möguleika á fjölskyldusameiningu, og á andlega og líkamlega heilsu.⁶

Áherslur Barnaréttarnefndarinnar endurspeglast í reglum um réttindi barna tengdum útlendingamálum. Það sem barni er fyrir bestu er til að mynda forgangsatriði allra ákvarðana sem byggja á Dyflinnarreglugerðinni. Þar má finna ákvæði sem fjalla sérstaklega um réttindi barna og er m.a. lögð áhersla á velferð og félagslegan þroska barns, ráðstafanir til að tryggja öryggi barnsins, ásamt fjölskyldusameiningu.⁷ Í inngangsorðum reglugerðarinnar segir að við túlkun hennar eigi að horfa til Barnasáttmálans og þegar reglugerðinni sé beitt skuli megináhersla lögð á það sem barni er fyrir bestu:

Í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 og sáttmála Evrópu sambandsins um grundvallarréttindi, skal það sem er barninu fyrir bestu ávallt hafa forgang hjá aðildarríkjunum við beitingu þessarar reglugerðar. Þegar lagt er mat á það hvað er barninu fyrir bestu skulu aðildarríkin einkum taka tilhlýðilegt tillit til velferðar og félagsþroska hins ólögráða barns, öryggissjónarmiða og álits þess, með hliðsjón af aldri þess, þroska og uppruna. Að auki skal mæla fyrir um sérstakan málsmeðferðarrétt fyrir fylgdarlaus, ólögráða börn vegna þess hve þau eru einstaklega berskjölduð.

Eins og áður segir helst mat á hagsmunum barns í gistiríki í hendur við mat á synjun eða veitingu verndar og fer matið fram í gegnum allt ferlið. Í því samhengi er mikilvægt að líta til varanlegra lausna. Mat á því sem barni fyrir bestu ætti í raun að hefjast áður en umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram og halda áfram þar til varanleg lausn er fundin. Í samhengi við alþjóðlega vernd er yfirleitt talað um þrjár gerðir varanlegra lausna:

1. Aðlögun í ríki þar sem sótt er um vernd og ríkisborgararéttur er varanlegasta lausnin.
2. Heimsending.
3. Aðlögun í þriðja ríki.

Þegar mat er lagt á það sem barni er fyrir bestu þurfa stjórnvöld að huga að því hver af þessum þremur möguleikum á við og tryggir best líf og þroska barnsins. Til þess þarf að meta stöðu barnsins á einstaklingsbundinn hátt, óháð foreldrum eða fjölskyldu.⁸ Það á jafnt við um umsóknir barna sem fara í efnismeðferð og þær sem byggja á Dyflinnarreglugerðinni.

⁶ European Asylum Support Office, 2019. EASO practical guide on the best interest of the child in asylum procedures. EASO Practical Guides Series, bls. 13.

⁷ Sama heimild, bls. 30.

⁸ UNHCR/UNICEF, 2014. Safe & Sound: What States can do to ensure respect for the best interest of unaccompanied and separated children in Europe.

Áskoranir innan stjórnsýslunnar

Í samtölum vegna verkefnisins HEIMA við yfir 40 einstaklinga frá fimmtán mismunandi stofnunum komu fram ýmis atriði sem vert er að benda á til frekari skoðunar í samhengi við mat á því sem barni er fyrir bestu.

Þar kom fram að starfsfólk sem kemur að málefnum barna sem sækja um alþjóðlega vernd finnur fyrir mikilli óvissu um hvenær skuli deila upplýsingum um börn með öðrum stofnunum og hvenær þörf sé á að vernda persónuupplýsingar. Í ljósi nýlegra lagabreytinga sem leyfa aukna upplýsingagjöf milli stofnana, er nauðsynlegt að skýra hvar mörkin liggja. Dæmi um slíkt úr samtölum við hagaðila er fyrirspurn frá barnaverndaryfirvöldum til Útlendingastofnunar þar sem falast var eftir upplýsingum um hversu lengi barn yrði á landinu. Við fyrstu sýn gæti það virst eðlileg upplýsingagjöf, en ef litið er til skyldu barnaverndaryfirvalda að veita barni þjónustu óháð lagalegri stöðu þess og í samræmi við það sem barninu er fyrir bestu er ljóst að upplýsingar af þessu tagi gætu verið til þess fallnar að valda mismunun. Gjarnan er talað um svokallaða eldveggi sem þurfi að vera til staðar varðandi viðkvæmar persónulegar upplýsingar í umsóknarferli um alþjóðlega vernd.⁹ Nauðsynlegt er að skýra hvar eldveggirnir liggja um leið og samskipti milli stofnana eru auðvelduð.

Þessu tengt er hlutverkaskipting innan kerfisins. Í nær öllum samtölum við hagaðila kom fram að hlutverk þeirra sem koma að móttöku barna er ekki alltaf skýrt. Það kom fram í samtölum við bæði börn og starfsfólk að börn hafi óskað eftir aðstoð tveggja stofnana sem bentu hvor á aðra og mál barnanna leystust aldrei. Bent var á að það skorti mjög á yfirsýn yfir móttökuferlið og að enginn einn aðili væri ábyrgur fyrir því að samræma aðkomu ólíkra hagaðila að ferli barnsins í gegnum ólík kerfi. Í verkefninu HEIMA hefur verið leitast við að sjá móttökuferlið sem eina heild þar sem margir ólíkir aðilar koma að og þurfa að vinna saman.

Í litlu kerfi hafa einstaklingar oft mikil áhrif og þá sérstaklega ef skortur er á sameiginlegum viðmiðum og verkferlum. Í samtölum við hagaðila kom margsinnis fram að sjónarmið og skoðanir starfsfólks skipti miklu máli. Bæta þurfi verkferla en líka að bjóða upp á fræðslu og stuðning ásamt því að setja skýra stefnu um hvernig skuli taka á móti börnum sem sækja um alþjóðlega vernd. Því tengt er öflugt eftirlit sem einnig tengist yfirsýn á kerfið. Það er mikilvægt að eftirlit sé haft með ferlinu öllu og það tryggt að sérfræðingar á þessu sviði sinni því eftirliti.

⁹ UNICEF, 2018. Protected on Paper? An analysis of Nordic country responses to asylum-seeking children, bls. 13 og 58 - 62.

Sjónarmið barna

Í samtölum við fulltrúa UNICEF á Íslandi og Grallaragerðarinnar sögðu börn frá upplifun sinni af því að koma til Íslands og sækja um alþjóðlega vernd. Viðmælendur voru 31 talsins á aldrinum 7 til 18 ára, ásamt viðtölum við ungt fólk á aldrinum 18 – 21 árs sem voru börn þegar þau komu til landsins. Börnin voru búsett í Reykjavík og Hafnarfirði. Við bættust niðurstöður níu viðtala við fylgdarlaus börn sem framkvæmd voru af öðrum aðilum. Einnig var rætt við 12 foreldra.

Sjónarmiðum var skipt niður í sex flokka og einn flokkurinn er tileinkaður foreldrum sérstaklega.

1. Ég þarf að skilja / verða sjálfstæðari

Atriði sem börn benda á að valdi vanlíðan:

- Óvissa og kvíði vegna takmarkaðrar innsýnar í framvindu málsins.
- Skortur á upplýsingum um ferlið: hvað gerist á hverjum stað, hlutverk starfsfólks og þeirra eigið hlutverk.
- Aðstaða og upplýsingar fyrir börn er af skornum skammti.
- Erfitt að bíða lengi.
- Kvíði fyrir ákvörðuninni um synjun eða vernd.
- Reiði og hræðsla þegar það kemur synjun.

Atriði sem börn og aðrir viðmælendur bentu á að myndu bæta líðan barna:

- Jöfn og tíð upplýsingargjöf skiptir máli, líka þegar ekkert er að fréttu.
- Þjónustuaðilar skipta miklu máli í upplýsingagjöf.
- Staðir með aðstöðu eða efni fyrir börn sitja í fersku minni og upplifun jákvæðari.
- Skóli sinnir mikilvægu hlutverki í upplýsingagjöf bæði fyrir börn og foreldra.
- Mikilvægt að börn séu upplýst en ekki gerð ábyrg fyrir miðlun upplýsinga.



2. Mér þarf að líða eins og ég eigi heimili

Atriði sem börn benda á að valdi vanlíðan:

- Mörg barnanna töluðu um að hafa fundið fyrir mikilli svengd, þreytu og kulda fyrsta sólarhringinn á Íslandi.
- Óhrein herbergi og takmörkuð aðföng skapa vanlíðan.
- Upplifa einmanaleika og hræðslu í Bæjarhrauni.
- Skortur á leikplássi og leikföngum gerir biðina og óvissuna verri.
- Upplifa sig föst ef þau búa afskekkt eða hafa takmarkaðan aðgang að samgöngum.

Atriði sem börn og aðrir viðmælendur bentu á að myndu bæta líðan barna:

- Hreint húsnæði þar sem er rúm fyrir alla skiptir börnin máli.
- Aðgangur að mat strax við komuna til landsins er mikilvægur.
- Leikföng og staðir til að leika sér á innan- og utandyra minnkar álagið á börnin.
- Börn sem eiga systkini á svipuðum aldri eru betur stödd því þau eiga vísan leikfélaga.



3. Ég þarf meiri virkni / finna fyrir minni einmanaleika

Atriði sem börn benda á að valdi vanlíðan:

- Erfitt að skilja ekki neitt í skólanum og fá enga aðstoð frá fullorðnum.
- Leiði yfir að fá ekki að stunda íþróttir eða aðrar tómstundir.
- Þrá eftir að læra tungumálið.
- Börn eldri en 16 ára vilja læra tungumálið og mennta sig.
- Erfitt að eignast íslenska vini.

Atriði sem börn og aðrir viðmælendur bentu á að myndu bæta líðan barna:

- Að byrja í skóla sem fyrst er mjög mikilvægt börnunum og að þeim þyki skemmtilegt í skólanum.
- Tómstundir og námsgreinar sem krefjast ekki íslensku eru afar mikilvægar börnunum og sárt ef þau eru svipt því.
- Það er mikilvægt fyrir börnin að hafa eitthvað við að vera utan skólans til að hafa eitthvað að gera eftir skóla og um helgar.
- Vinir af erlendum uppruna eru mikilvægir en viljinn til að eignast íslenska vini er líka mikill.
- Fyrir eldri eru námskeið eins og Dale Carnegie og kort í World Class dæmi um mikilvæg námstækifæri og dægrastyttingu.



4. Ég þarf að hitta lækni

Atriði sem börn benda á að valdi vanlíðan:

- Ótti, kvíði og jafnvel sársauki ef aðgengi að heilbrigðisþjónustu er ekki til staðar.
- Óöryggi ef fyrsta tækifæri fyrir þjónustu er í sóttvarnarskoðun þar sem stundum er þörf á heilsugæslu fyrr.
- Takmarkandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu í gegnum félagsráðgjafa. Vantar upplýsingar um rétt barna til heilbrigðisþjónustu.
- Vandí fólks orðinn mikill þegar loksins er gripið inn í.
- Óeðlilega mikil ábyrgð lögð á börn sem eiga veika foreldra.

Atriði sem börn og aðrir viðmælendur bentu á að myndu bæta líðan barna:

- Þar sem aðgengi að félagsráðgjöfum er gott, til dæmis með Facebook síðu og bakvaktarsíma, gengur betur að veita heilbrigðisþjónustu.
- Ef veittar eru upplýsingar um vakt heilsugæslunnar eftir kl. 16 léttir það á áhyggjum foreldra gagnvart börnum sínum.
- Aukin þjónusta inn á heimili veikra foreldra skiptir börnin máli.
- Sálfræðiþjónusta hjálpar börnum mikið, sérstaklega ef þau eiga engan annan til að ræða við.



5. Ég þarf að geta hlíft barninu mínu

Atriði sem börn benda á að valdi vanlíðan:

- Miklar áhyggjur af líðan barnanna og eiga í erfiðleikum með að vernda börnin.
- Vanlíðan vegna aðgerðarleysis.
- Skortur á samráði.
- Áhyggjur af framtíð barnanna.
- Ótti, vonleysi og hjálparleysi gagnvart umsóknarferlinu.
- Skortur á upplýsingum um réttindi og skyldur.

Atriði sem börn og aðrir viðmælendur bentu á að myndu bæta líðan barna:

- Gott aðgengi að þjónustu og upplýsingum hjálpar foreldrum að sinna sínu hlutverki.
- Virkni foreldra hjálpar til að takast á við biðina og óvissuna.
- Gláðir foreldrar eru góðir foreldrar.



6. Ég þarf umönnun þegar ég er ein eða einn á ferð

Atriði sem börn benda á að valdi vanlíðan:

- Ótti, óöryggi og vonleysi þegar það skortir alla umönnun.
- Þrá eftir mikilvægum fullorðnum sem aðstoða með daglegar athafnir og aðstoða við umsóknina í samvinnu við barnið.
- Skortur á upplýsingum um umsóknarferlið og stöðuna hverju sinni.
- Söknuður eftir góðum mat og áhyggjur af næringu.
- Skortur á menntun og tungumálakennslu veldur áhyggjum af því að missa af tækifærum til náms og takmarkaðs sjálfstæðis.
- Skortur á einhverju við að vera.
- Áhyggjur af fjölskyldu og skortur á aðstoð við fjölskyldusameiningu.
- Miklar áhyggjur af framtíðinni.
- Neikvæðar og erfiðar breytingar við 18 ára aldur.

Atriði sem börn og aðrir viðmælendur bentu á að myndu bæta líðan barna:

- Gott samstarf félagsráðgjafa og barns eykur sjálfstraust og fjölgar tækifærum til náms, tómstunda, fósturs og annarra úrræða.
- Það eykur tilfinningu um sjálfstæði og sjálfsvirðingu þegar barnið fær tilfinningu um að vera virkur hluti af vinnu talsmannsins.
- Fósturfjölskyldur auka mjög á tækifæri barnanna til að skilja umsóknarferlið og íslenskt samfélag. Þær létta álagið af biðinni og aðstoða við að undirbúa framtíðina. Heitur og góður matur er mikilvægur börnunum og minnkar einmanaleika.



Tillögur frá vinnustofum HEIMA

Í tveimur heilsdags vinnustofum unnu yfir þrjátíu sérfræðingar í móttöku barna sem sækja um alþjóðlega vernd að hugmyndum um hvernig bæta mætti móttökuna. Tillögur þeirra byggja á sjónarmiðum barnanna og upplifun þeirra af móttökunni á Íslandi. Hugmyndirnar sem hér verður sagt frá eru því alfarið komnar frá sérfræðingum á þessu sviði en UNICEF á Íslandi styður hugmyndirnar heilshugar og teljum við að þær komi til móts við brýnasta vanda barna sem sækja um vernd hér á landi.

Í kjölfar vinnustofanna fengu börnin tækifæri til að segja sína skoðun á hugmyndum sérfræðinganna og voru gerðar breytingar á forgangsriðun hugmyndanna og áherslum í samræmi við athugasemdir barnanna.



Mynd 3. Kynning á niðurstöðum hópa frá vinnustofu nr.1



Mynd 4. Kortlagning á lausnum frá vinnustofu nr.1

1. Móttökuheimili fyrir fylgdarlaus börn

Einkunn frá börnum 6 af 5 mögulegum

Flest atkvæði frá þátttakendum í vinnustofu

Móttökuheimilið er sérstakt úrræði fyrir fylgdarlaus börn og ungmenni. Það er rekið af barnaverndaryfirvöldum og hefur það að markmiði að tryggja hagsmuni barna, öryggi þeirra, velferð, vellíðan og þroska. Mikilvægt er að strax sé hafinn undirbúningur fyrir næstu skref í lífi barnsins, hver sem þau verða. Á móttökuheimilinu er alltaf einhver fullorðinn á staðnum og reglur gilda eins og á venjulegu heimili. Þar fer fram þjálfun í heimilisverkum og lífsleikni. Eldaður er heitur matur á kvöldin og fastir viðburðir eru á dagskrá í hverri viku. Allir fá rödd en þurfa að fylgja reglum. Á efri hæð hússins fer viðtal Barnahúss fram og húsið er í göngufæri við skóla, sund, bókasafn og leikfimisal.

Heimili með slíkri umönnun eflir sjálfstraust barnanna og tryggir aðlögun að samfélaginu. Öruggt og glatt barn leiðir til glaðara samfélags. Hugmyndin er að færa þjónustu til barnanna í staðinn fyrir að láta þau sækja hana annað. Í húsinu fara fram viðtöl og fræðsla en allt annað er sótt út í samfélagið. Húsnæðið er aldurs- og kynjaskipt eftir þörfum og börnin fá einstaklingsherbergi.

Fylgdarlaus börn fara á móttökuheimili strax við komu (4 - 6 einstaklingar), þar sem aðgengi er að fullorðnum allan sólarhringinn og nauðsynleg þjónusta tryggð með aðgengi að sérfræðingum. Börn fara sem fyrst til fósturfjölskyldu og fósturfjölskyldurnar fá handleiðslu. Börnunum er tryggð menntun eða vinna, auk tómstunda við hæfi.

Tillaga að breytingum:

- Tryggja mat og hvíld við komu.
- Fyrsta skýrslutaka sé eingöngu til að bera kennsl á viðkomandi og meta hvort hann eða hún eigi heima á móttökuheimili.
- Tryggja sambærilega þjónustu fyrir 15 - 16 ára, 16 - 18 ára, og 18 - 21 árs en aðskilja búseturýmin.
- Tryggja að sambærileg þjónusta sé í boði fyrir öll kyn.
- Tryggja fóstur fyrir börn samkvæmt lögum.
- Setja fylgdarlaus börn undir hatt einnar barnaverndarnefndar til að tryggja jafnræði í þjónustu.
- Setja viðmið um lágmarksþjónustu barnaverndar við fylgdarlaus börn.
- Setja verklagsreglur og tryggja virkt, upplýst eftirlit æðra stjórnvalds.
- Allir hagaðilar vinna saman undir hatti móttökumiðstöðvar.

Hagaðilar eru dómsmálaráðuneyti, félags- og barnamálaráðuneyti, sveitarfélög, heilsugæslan, barnaverndaryfirvöld, fræðslufirvöld, lögreglan, talsmenn vegna umsókna barna og Útlendingastofnun.

Samlegðaráhrifin yrðu aukin skilvirkni fyrir Útlendingastofnun og barnavernd sem myndi skila sér í hraðari málsmeðferð og spara fjármagn til lengri tíma litið. Þetta myndi létta á þjónustukerfi, t.d. lögreglunni, fræðslufirvöldum, íþrótt- og tómstundastarfi, grunn- og framhaldsskólum o.s.frv.

Tillaga að breytingum á lögum:

Barnaverndarlög nr. 80/2002:

- Í 6. kafla um ráðstafanir barnaverndarnefnda bætist við ákvæði um ráðstafanir vegna fylgdarlausra barna í leit að alþjóðlegri vernd.
- Móttökuheimili fyrir fylgdarlaus börn í leit að alþjóðlegri vernd verði tilgreint í upptalningu 1. mgr. 79. gr. laganna.

Lög um útlendinga nr. 80/2016

- Setningin „þó er heimilt að barn frá 15 ára aldri dveljist á móttökumiðstöð.“ í e-lið 31. gr. laganna falli brott.

Tengd mál:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum, 80/2016, með síðari breytingum (fylgdarlaus börn): <https://www.althingi.is/altext/148/s/0042.html>

Frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining með heildstæðu mati): <https://www.althingi.is/altext/149/s/0936.html>

Það sem hægt er að gera strax!

Á meðan beðið er eftir að breytingar gangi í gegn er hægt að bregðast strax við brýnustu áskorunum.

1. Tryggja mat og hvíld við komu

Næringaríkur matur sé til staðar strax við komuna í móttökumiðstöðina í Bæjarhrauni.

Að ekki sé tekin skýrsla af börnum um nætur.

Hvíld, næring og heilsa sé tryggð áður en lögregla tekur skýrslu af barni.

2. Umönnun í Bæjarhrauni

Ráða starfsmann til að hafa umsjón með fylgdarlausum börnum á Bæjarhrauni 4 sem hefur umsjón með daglegum athöfnum barna, aðstoðar við eldamennsku og dagleg samskipti.

3. Þjónusta við 18 til 21 árs

Tryggja ungmennum frá 18 - 21 árs áframhaldandi sambærilegri þjónustu og fylgdarlausum börnum.

4. Næring

Gefa eina heita máltíð á dag sem börnin elda í samstarfi við starfsmann.

5. Fósturfjölskyldur


Skylda barnaverndaryfirvöld til að sækja alltaf um fóstur.

6. Nám og tómstundir

Koma öllum börnum í tómstundir og nám eða starfsnám.

7. Eftirlit


Koma á virku eftirliti Barnaverndarstofu með aukinni þekkingu og ráðningu sérfræðings í málefnum barna á flóttu.



Móttökuheimili
fyrir fylgdarlaus börn



Heimili í göngufjarlægð
við skóla, sund, bókasafn
og tómstundir



Mikilvægur fullorðinn
alltaf til staðar

REGLUR

1. Reglur gilda eins og
á venjulegu heimili.

18-21

Úrræði nýtist einnig
fyrir ungmennti á
aldrinum 18-21 ára



Heitur matur í boði


Fylgdarlaust
barn kemur
til Íslands



Leifsstöð ÚTL

Tollur

Lögregla



Fósturfjölskylda eða
annað sambærilegt úrræði
eins fljótt og kostur gefst

Móttökuheimili fyrir
fylgdarlaus börn

Barnavernd
Hafnarfj.

Viðtal
Barnahúsi

Sóttvarnar
skoðun

Skýrsla

Aldursgreining

Virgni/Nám
Skólaúrræði
Námsráðgjöf
Vinna
Starfsþjálfun
Tómstundir

Þjálfun

Lífsleikni
Heimilisverk
Næring

Myndræn framsetning á móttökuheimili fyrir fylgdarlaus börn

2. Gegn einmanaleika

Einkunn frá börnum 5 af 5 mögulegum

Tómstundir og afþreying til að koma til móts við einmanaleika eftir skóla og kvíða fyrir skólafríum. Verkefnið tryggir að öll börn hafi eitthvað við að vera sem hæfir þeirra áhugasviði og er einstaklingsbundin nálgun til þess að tengjast samfélaginu. Lögð er áhersla á áhugamál og tómstundir og að skapa sérsniðnar lausnir, til dæmis með aukinni nánd við dýr. Markmiðið er að tryggja jöfn tækifæri óháð búsetu. Það er mikilvægt að þjónustuteymi sveitarfélaganna miðli af reynslu sinni.

Með verkefninu má koma í veg fyrir andleg vandamál og fordóma auk þess að búa til persónuleg tengsl í gegnum áhugamál. Til þess að fjölga valmöguleikum á tómstundum og kynna börn fyrir nýjum valkostum mætti leggja fyrir þau áhugasviðspróf eða leyfa þeim að prófa tvær til þrjár tómstundir.

Tillaga að breytingum:

- Skýra rétt barnanna til tómstunda í lögum og reglugerð og tryggja jöfn tækifæri óháð búsetu.
- Skýra skyldur sveitarfélaga við að veita menningar- og tómstundastarf í samningum Útlendingarstofnunar við sveitarfélögin.
- Leggja fyrir áhugasviðspróf til að kanna hvaða tómstundir gætu hentað.
- Leyfa börnunum að prófa ólíka tómstundir.
- Lengd dvalar á ekki að skipta máli. Allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hagaðilar eru sveitarfélög, íþróttafélög og listaskólar.

Samlegðaráhrif væru við íþróttafélög, tónlistaskóla og samfélagið í heild þar sem óvæntir hæfileikar og fjölbreytileiki geta styrkt starfið. Bætt andleg heilsa barnanna og fleiri tækifæri til að kynnast íslenskri menningu og hefja aðlögun.

Tillaga að reglugerðarbreytingu:

Skýra rétt barna til tómstundastarfs í reglugerð nr. 540/2017:

Við setninguna “Leitast skal við að koma til móts við þarfir fjölskyldna í þjónustu sveitarfélaga með daggæslu, leikskóla, framhaldsskóla eða öðrum menntaúrræðum, eftir því sem við á.” bætist “...þjónustu sveitarfélaga með daggæslu, leikskóla framhaldsskóla, menningar- og tómstundastarfi eða öðrum menntunarúrræðum”.

Það sem er hægt að gera strax!

1. Koma á samráðsvettvangi þjónustuteyma sveitarfélaganna


Þjónustuteymi sveitarfélaganna eru ólík að stærð en búa saman yfir mikilli reynslu í móttöku barna sem sækja um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að sveitarfélögin þurfi ekki hvert í sínu lagi að finna upp hjólið þegar kemur að þróun þjónustunnar.

2. Skýra rétt barna til tómstunda í reglugerð og í samningum Útlendingastofnunar við sveitarfélög

Í Reykjanesbæ og í Reykjavík er unnið gott starf við að tryggja börnum tómstundir. Í Hafnarfirði reyndust hins vegar engin börn vera í tómstundum. Skýra þarf skyldur sveitarfélaga við að kynna tómstundastarf og aðstoða fjölskyldur við að skrá börn í tómstundir.

3. Koma á námskeiðum fyrir börn í skólafríum

Skólafrí geta verið kvíðvænleg fyrir þennan hóp barna. Þau hafa ekki tækifæri til að ferðast, heimsækja ættingja eða stunda áhugamál. Sum þeirra búa jafnframt í þröngu húsnæði við þröngan kost. Það er því mikilvægt að fjölga tækifærum barna til að sinna áhugamálum og tómstundum í skólafríum. Í sveitarfélögum og félagasamtökum á borð við Skátana eru tækifæri til að auka samvinnu og auka framboð fyrir þennan hóp barna.



3. Heilsugæsla fyrir alla

Heilsugæslan opni almenna þjónustu sína fyrir umsækjendur og þjónusta sé samþætt svo fólk fái upplýsingar strax um hvert skuli leita. Nú er öll heilsugæsla á hendi göngudeildar sóttvarna, sem hefur þau áhrif að sóttvarnarskoðun, sem m.a. er forsenda skólavistar barna, frestast oft fram úr hófi. Á heilsugæslunni eru möguleikar á að þróa fræðslu til foreldra um næringu, heimilisofbeldi o.s.frv. og möguleiki á að bjóða sálfræðiaðstoð.

Hagaðilar væru heilbrigðisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, félag- og barnamálaráðuneyti og Útlendingastofnun. Ásamt Heilsugæslunni, Rauða krossinum, umsækjendum um alþjóðlega vernd og þjónustuteymi Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Reykjavíkur.

Samlegðaráhrif yrðu að allt starfsfólk Heilsugæslunnar lærir að nýta sér túlkþjónustu á borð við Language Line. Jákvætt viðhorf gagnvart fjölbreyttum hópum eykst. Það dregur úr líkum á alvarlegri vanda og minnkar álag á aðra starfsmenn þjónustunnar. Þá væri hægt að stuðla að jákvæðari umfjöllun í fjölmiðlum.

Tillaga að breytingum:

- Heilbrigðisyfirvöld tryggja öllum börnum jafnan aðgang að heilsugæslu.
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins standi við samning við Útlendingastofnun sem kveður á um almennan aðgang að heilsugæslustöðvum.

Það sem hægt er að gera strax!

1. Gefa út upplýsingaefni og koma á eftirfylgni hjá Útlendingastofnun fyrstu vikurnar til að tryggja að börn og foreldrar fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu

Við upphaf ferlisins getur lögregla og Útlendingastofnun gefið skýrari upplýsingar um rétt umsækjenda til heilbrigðisþjónustu og hvert skuli leita. Þá væri hægt að spyrja í viðtölum hvort fólk njóti heilbrigðisþjónustu. Það sama mætti gera þegar umsækjendur flytjast yfir í þjónustu sveitarfélaganna.

2. Fræða starfsfólk heilbrigðisstofnana, sérstaklega starfsfólk í móttöku, um réttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd og halda námskeið um notkun túlkþjónustu á borð við Language Line

Tryggja þarf að allt starfsfólk heilbrigðisstofnana þekki rétt umsækjenda um alþjóðlega vernd og þekki verklag sinnar stofnunnar. Setja má saman upplýsingapakka eða námskeið fyrir framlínustarfsmenn ásamt því að kenna öllu starfsfólki á túlkþjónustu.

3. Útlendinganúmer verði notuð til að rekja kostnað

Gjarnan er bent á að skortur á kennitölu sé það sem hindri fólk í því að fá þjónustu. Ef útlendinganúmer yrðu samræmd í eitt númer, væri með auðveldum hætti hægt að nota þau númer til að rekja komur umsækjenda í heilbrigðisþjónustunni. Einnig væri hægt að gefa út tímabundnar kennitölur í stað útlendinganúmera til að tryggja aðgang.

Tengdar hugmyndir


- Skýrari og aðgengilegri upplýsingar um heilbrigðisþjónustu



Heilsugæsla fyrir alla

Heilsugæslan opni almenna þjónustu fyrir umsækjendur

Barn kemur til landsins




Upplýsingar um hvert má leita eins fljótt og hægt er



Aðgengi að heilsugæslu í nærumhverfi



Gefur möguleika á sálfræðiaðstoð



Dregur úr líkum á alvarlegum vanda

Möguleikar á fræðslu til foreldra

Næring

Ofbeldi

Fleira



Aðgengi að menntun

Fræða starfsfólk um réttindi umsækjenda og notkun á language line

Nýta útlendinganr. í stað kt.

Flýtir sóttvarnarskoðun göngudeildar sóttvarna (minna álag þar sem aðrir taka á móti)

Sóttvarnarskoðun

4. Upplýsingasetrið

Upplýsingasetrið er bæði miðstöð upplýsinga og félagsmiðstöð (e. migration center). Þar er rafræn upplýsingaþjónusta, upplýsingafulltrúar, íslenskunámskeið fyrir foreldra, leiksvæði og dagvistun fyrir börn á sama stað. Markmiðið er að auka upplýsingaflæði, draga úr félagslegri einangrun og óvissu, bæta andlega líðan, einfalda kerfið og auðvelda biðina fyrir ung börn. Upplýsingasetur er mikilvægt til að koma til móts við upplifun barna og foreldra þeirra á mikilli óvissu og vanþekkingu á íslensku samfélagi sem leiðir til kvíða og hjálparleysis.

Setrið mætir mikilvægri þörf fyrir upplýsingar um samfélagið og réttindi og skyldur umsækjenda. Það eykur virkni og léttir á öðrum aðilum í kerfinu, er atvinnuskapandi og dregur úr fordómum. Setrið hefur jákvæð áhrif á aðlögun umsækjenda sem í kjölfarið er jákvætt fyrir samfélagið allt.

Hagaðilar eru umsækjendur, ráðuneyti, sveitarfélög, Útlendingstofnun, Rauði krossinn, ásamt sjálfboðaliðum.

Samlegðaráhrifum væri hægt að ná fram með því að nýta húsnæðið í aðra starfsemi og tengja við aðra starfsemi. Hægt væri að setja upp slíka miðstöð til prufu til dæmis í Hafnarfirði, sem stefnir að því að verða barnvænt sveitarfélag.

Það sem er hægt að gera strax!

1. Barnvænar upplýsingar

Búa til barnvænar upplýsingar um réttindi barna á Íslandi og umsóknarferlið.

2. Fræðsla fagaðila

Efla þekkingu allra þeirra sem þjónusta umsækjendur um réttindi og skyldur umsækjenda um alþjóðlega vernd.

3. Nýta bókasöfn

Búa til upplýsingapunkt á bókasöfnum sveitarfélaganna þar sem börn og foreldrar geta sótt á eigin forsendum upplýsingar um samfélagið, tómstundir, samgöngur, réttindi og skyldur.


Tengdar hugmyndir:

- Listasmiðja barna.
- Hönd í hönd - stuðningsfjölskyldur fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.



Upplýsingasetur

Bæta miðlun upplýsinga og draga úr kvíða og óvissu



Myndræn framsetning á lausninni upplýsingasetur

5. Listsköpun barna

Markmið verkefnisins er að börn sem sækja um alþjóðlega vernd kynnist og deili upplýsingum til að rjúfa einangrun þeirra og vinna gegn óöryggi og kvíða. Stofnuð yrði hljómsveit barna og haldnar listasýningar barna. Mikilvægt væri að bjóða íslenskum börnum til þátttöku. Virkjaðir yrðu myndlistaskólar og aðrir listaskólar. Finna þyrfti húsnæði, starfsmenn og virkja þekkta listamenn. Prufukeyrsla færi af stað eftir að skóla lýkur að vori, t.d. 5 dagar frá kl. 13 - 16.

Þetta hefði jákvæð áhrif á líðan barnanna og foreldra þeirra og myndi opna á milli menningarheima. Markmiðið væri að slíkt nám væri opið börnum frá komu þeirra til landsins og myndi tryggja virkni þeirra frá fyrstu viku. Listsköpun krefst ekki tungumáls og stuðlar að betri andlegri líðan og félagslegum tengslum. Þátttaka í slíku verkefni eykur líkur á jákvæðara viðhorfi og styttr biðina, auk þess að hjálpa til við aðlögun. Hægt væri til dæmis að tengja verkefnið vinaverkefnum í skólanum. Þá væri hægt að tengja verkefnið frístund og félagsmiðstöðvum. Verkefnið skapar góðar minningar en gæti líka valdið vonbrigðum þegar tímabilinu lýkur og tengsl rofna aftur.


Það sem er hægt að gera strax!

1. Sumarnámskeið

Tryggja börnum aðgengi að sumarnámskeiðum í samstarfi við sveitarfélögin og þróa sérsniðin sumarnámskeið fyrir þennan hóp í júlí, þegar önnur námskeið eru ekki í gangi.

2. Samstarf

Leita eftir samstarfi við listaskóla og listgreinakennara við þróun á verkefni.




6. Outdoor bonding

Outdoor bonding er félagsstarf sem byggir brýr og auðveldar vináttu og samskipti milli barna og ungmenna. Það er hægt að skipuleggja starfið innandyra og utan, t.d. með göngum og útilegum þar sem börnin styðja hvort og vinna saman að því að rækta vináttu og skilning sem þau rækta áfram í gegnum leik og starf.

Styrkleikar hugmyndarinnar eru að í henni felst óformlegt nám, tungumálanám, frelsi, tenging við náttúruna og þekking á henni, samvera og tengsl. Með hugmyndinni má minnka einangrun og auka virkni auk þess að kynna börn fyrir nýrri menningu og nýjum stöðum. Hægt væri að koma á samstarfi við til dæmis skátahreyfinguna og/eða Hitt húsið. Hugmyndin væri að prófa verkefnið á einum stað einu sinni í mánuði og hlusta eftir skoðunum og upplifun barnanna eftir ferðirnar. Minni útgáfa af verkefninu væri að fara á staði sem leyfa hreyfingu og virkni, t.d. Trampólíngarðinn.

Hagaðilar eru sveitarfélög, skátarnir, hjálparsveitir, ferðaþjónustufyrirtæki.

Samlegðaráhrif gætu verið aukin færni skátahreyfingarinnar eða annarra í umönnun barna með fjölbreyttan bakgrunn.



7. Skýrar og aðgengilegar upplýsingar um heilbrigðisþjónustu

Mikilvægt er að fjölskyldur og börn fái skýrar og aðgengilegar upplýsingar um heilbrigðisþjónustu sem þeim býðst. Hugmyndin er að í móttökuvíðtali hjá Útlendingastofnun séu börn og foreldrar sérstaklega upplýst um aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Veittar eru skýrar og réttar upplýsingar í upphafi ferlisins sem eru aðgengilegar á skriflegan og myndrænan hátt. Jafnframt er reglulegt innlit og eftirfylgni tryggð þar sem gengið er úr skugga um að fólk fái þá þjónustu sem það vantar. Þegar börn flytjast yfir til sveitarfélaganna eru samskipti milli Útlendingastofnunar og viðkomandi hælisteymis tryggð og starfsfólk Útlendingastofnunar útbýr upplýsingar um stöðu barnsins við þjónustulok.

Tillaga að breytingum:

- Réttar upplýsingar um heilbrigðisþjónustu tryggðar hjá Útlendingastofnun.
- Búa til myndrænt efni um heilbrigðisþjónustu á Íslandi
- Aukið samstarf Útlendingastofnunar við þjónustuteymi sveitarfélaganna.
- Þróa og dreifa fræðsluefni til starfsfólks.

Hagaðilar eru Útlendingastofnun (framkvæmdaraðili), Dómsmálaráðuneytið (fjármagn), þjónustuteymi sveitarfélaga (samstarf), Rauði krossinn, Landlæknir og Heilbrigðisráðuneyti.

Samlegðaráhrif eru fólgin í efni sem gæti nýst fyrir aðra innflytjendur. Meiri upplýsingar í upphafi minnkar álag á alla hagaðila og undirbýr betur árangursríka aðlögun. Fá fagfólk (auglýsingastofu, listaháskólann, háskóla) til að gera gæðaeefni.

8. Hönd í hönd - stuðningsfjölskyldur fyrir umsækjendur um vernd

Hönd í hönd er sjálfboðaliðakerfi þar sem þeir umsækjendur sem kjósa geta eignast vin eða stuðningsfjölskyldu sem aðstoðar við daglegt líf eða veitir félagsskap. Stuðningurinn gæti jafnframt falið í sér ráðgjöf um íslenskt samfélag. Þetta er mikilvægt verkefni því það dregur úr einangrun og jaðarsetningu, eykur samfélagslega aðlögun og upplifun og sjálfstraust.

Umsóknarferli gæti verið stafrænt ásamt fræðslu um verkefnið. Hins vegar þyrftu samskiptin líka að vera mannleg og stuðla að gagnkvæmri vináttu. Það gæti reynst erfitt að fá sjálfboðaliða í byrjun og þá væri gott að leita til þeirra sem hafa einhvern tímann verið í sömu sporum t.d. Íslendinga sem hafa búið erlendis eða útlendinga sem flust hafa til Íslands.

Til að hugmyndin sé skilvirk þarf einn aðila sem heldur utan um verkið. Samstarf væri mögulegt t.d. við Háskóla Íslands. Kostnaður væri lítill miðað við ávinning. Sjálfboðaliðar og fjölskyldur í leit að vernd færu á námskeið og fengju kynningarmyndband sem væru sniðin að fullorðnum jafnt sem börnum. Þá þyrfti starfsmann til að halda utan um sjálfboðaliða og hlúa að þeim.

Hugmyndin er nokkuð skýr þar sem stuðningsfjölskylduhlutverk er þekkt í samfélaginu og hún er því vel framkvæmanleg. Hindranir gætu verið að meta stuðningsfjölskyldur og finna fólk sem passar saman. Mikilvægt að sinna eftirfylgni þannig að verkefnið sér virkt úrræði.